

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um stuðningsúrræði fyrir nemendur í samræmdu prófi í íslensku.

1. *Hvert var hlutfall nemenda sem nýttu sér stuðningsúrræði í samræmdu prófi í íslensku árin 2014–2017? Svar óskast sundurliðað fyrir 4., 7. og 9. bekk og sömuleiðis eftir árum.*

Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um hlutfall nemenda sem nýttu sér stuðningsúrræði í samræmdu prófi í íslensku árin 2015–2017. Ekki liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar fyrir árið 2014 á því formi sem beðið er um.

Prófár	Bekkur	Heild	Mættir	Stuðningur
2015	4. bekkur	4.421	91,3%	23,1%
2015	7. bekkur	4.204	91,7%	24,0%
2016	4. bekkur	4.429	91,6%	26,3%
2016	7. bekkur	4.371	90,3%	25,7%
2017	4. bekkur	4.768	93,1%	27,1%
2017	7. bekkur	4.381	93,4%	30,2%
2017	9. bekkur	4.158	85,6%	29,6%

2. *Hvert var hlutfall nemenda sem sóttu um undanþágu frá töku prófsins á sama tímabili eða voru fjarverandi í prófinu, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum? Svar óskast sundurliðað fyrir 4., 7. og 9. bekk og sömuleiðis eftir árum.*

Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um hlutfall nemenda sem sóttu um undanþágu frá því að taka samræmt próf í íslensku árin 2015–2017 eða voru fjarverandi í prófinu. Ekki liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar fyrir árið 2014 á því formi sem beðið er um.

Prófár	Bekkur	Heild	Mættir	Fjarverandi	Undanþága
2015	4. bekkur	4.421	91,3%	3,7%	4,9%
2015	7. bekkur	4.204	91,7%	3,2%	5,1%
2016	4. bekkur	4.429	91,6%	3,7%	4,7%
2016	7. bekkur	4.371	90,3%	4,7%	5,0%
2017	4. bekkur	4.768	93,1%	1,2%	5,7%
2017	7. bekkur	4.381	93,4%	1,2%	5,3%
2017	9. bekkur	4.158	85,6%	6,0%	8,4%